



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 11.05.2017
1705018 KÁ

Efni: Jöfn meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna.

Jafnréttisstofu hefur borist til umsagnar frv. til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Með frv. er verið að innleiða tilskipun 2000/43/EB. Jafnréttisstofa fagnar því að þetta frumvarp er komið til meðferðar Alþingis og leggur til að það verði samþykkt. Það felur í sér réttarbót fyrir ákveðna minnihlutahópa sem er löngu tímabær.

Einstakar greinar frumvarpsins

Í 5. gr. frv. er kveðið á um að Jafnréttisstofa skuli annast framkvæmd laganna og að 4. gr. laga nr. 10/2008 skuli gilda um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna eftir því sem við á. Þetta þarf að skýra í reglugerð, þ.e. hvaða heimildir Jafnréttisstofa hefur til þess að fylgja lögnum eftir, t.d. að kalla eftir upplýsingum og hvaða refsingum má beita ef beiðnum um upplýsingar er ekki sinnt.

Í 18. gr. laga nr. 10/2008 er kveðið á um þá skyldu fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka að setja sér jafnréttisáætlun. Jafnréttisstofa telur að besta leiðin til að tryggja jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna sé að kveðið verði á um skyldur viðkomandi aðila til að bæta inn í jafnréttisáætlanir ákvæðum um markmið og aðgerðir til að tryggja jafna meðferð allra. Jafnréttisstofa kallar jafnt og þétt inn jafnréttisáætlanir og getur veitt ráðgjöf og leiðbeiningar í gegnum það samtal sem fram fer við viðkomandi fyrirtæki, stofnun eða félagasamtök. Þannig verður eftirlit með lögnum best tryggt.

Í 6. gr. frv. er kveðið á um að Kærunefnd jafnréttismála skuli taka að sér kærumál sem snerta jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Jafnréttisstofa bendir á að einungis þrír fulltrúar sitja í Kærunefnd jafnréttismála, þeir skulu vera löglærðir og að minnsta kosti einn hafa sérþekkingu á jafnrétti kynjanna. Að mati Jafnréttisstofu verður að gera þær kröfur til fulltrúa í Kærunefndinni að þeir hafi víðtæka þekkingu á mannréttindum og stöðu minnihlutahópa ef þeir eiga að gefa álit er varða brot á lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna. Það þarf því að breyta lögum nr. 10/2008 og kveða á um hvaða kröfur þarf að gera til fulltrúa í Kærunefndinni, fjölgun þeirra og heimild til að kalla inn fulltrúa eftir eðli þeirra mála sem koma fyrir nefndina.



Jafnréttisstofa

Jafnréttisstofa ítrekar stuðning við frv. til laga um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna og hvetur til þess að það verði samþykkt sem allra fyrst.

Kristín Ástgeirsdóttir
framkvæmdastýra